



2018

Ársskýrsla Æskulýðsnefndar Dreyra



Dreyrakrakkar á útreiðum við Akrafjall

Í hestamannafélaginu Dreyra eru krakkar frá Akranesi og Hvalfjarðarsveit og snýst starfið okkar um að veita þeim bæði skemmtun og fræðslu. Okkar helsta markmið er að vinna með þeim að öfluglu æskulýðsstarfi og reyna að laða að enn fleiri unga knapa.

Okkar unga fólk býr bæði í þéttbýlinu á Akranesi og í sveitum Hvalfjarðarsveitar. Flestir eru í fjölskyldum sem að stunda hestamennsku en einnig nokkrir sem koma ekki frá “hestaheimilum” en hafa kynnst hestamennsku í gegnum frændur og frænkur. Við reynum að veita þeim sérstaka athygli og aðstoð.

Hesthúsahverfi Dreyra á Akranesi heitir Æðaroddi og þar er ekki reiðskemma fyrir okkur að starfa í, þannig að allt starf sem æskulýðsnefndin skipuleggur á Æðarodda er utanhúss. Starfsárið hófst með kynningarfundum í febrúar með nokkrum krökkum og foreldrum þeirra þar sem skipst var á hugmyndum um hvað gera skyldi árinu. Til að upplýsa og auglýsa starfið og viðburði þá höfum við notað tölvupóst til félagsmanna/foreldra, fésbókarsíður sem heita „Krakkarnir í Dreyra“, „Hestamannafélagið Dreyri“ (opin) og „Dreyri – Félagsmenn (lokuð)“. Þar að auki setjum við auglýsingar á okkar sérlega auglýsingastaur í Æðarodda.

Í mars hófu 11 krakkar nám í Knapamerkjum á Skáney, Reykholtssdal hjá Hauki og Randí. Þetta voru krakkar frá aldrinum 12-21 árs, fimm stelpur fóru í knapamerki I, þrjár í knapamerki II og eitt ungmenni í knapamerki III. Foreldrar skiptust á að keyra krakkana einu sinni í viku þessa 70 km sem eru milli Akraness og Skáneyjar. Á Skáney fengu þau hesta og hnakka sem gerði þetta námskeið að veruleika fyrir marga, þar sem ekki hafa allir hesta eða kerru til að koma sér á slíkt námskeið.



Þann 11. mars í kalsavindi, kulda og trekki var farið foreldralausan reiðtúr sem vakti mikla lukku. Reiðtúrin var undir eftirliti fulltrúa nefndarinnar sem er í ungmennaflokki. 10 krakkar mættu í reiðtúrin og svo buðum við upp á pizzuveislu í einu hesthúsinu á eftir.

Í lok mars var boðið upp á helgarnámskeið á Skáney en vegna mikillar aðsóknar varð að skipta hópnum í tvennt. Fyrirfram áttum við von á þátttöku 8-10 krakka og því kom það okkur mjög gleðilega á óvart þegar að 28 krakkar vildu taka þátt sem varð til þess að þetta urðu tvær helgar, sem eingöngu voru fyrir okkar börn og unglinga.



Á reiðnámskeiði á Skáney

Á þessu námskeiði gistu krakkarnir í tvær nætur, þau fóru í reiðtíma, kynntust umhirðu hrossa og reiðtygja, sinntu öðrum dýrum og skemmtu sér bæði inni og úti. Randí og Haukur á Skáney eiga hrós skilið fyrir öflugt og flott námskeið þar sem krakkarnir komu reynslunni ríkari heim. Æskulýðsnefndin greiddi þessi námskeið verulega niður til að reyna að fá sem flesta til að taka þátt. Og það tókst svona ljómandi vel :-)



Yngri stigið á helgarnámskeiði á Skáney.

Um páskana vorum við með fjör á vellinum þar sem allir sem vilja geta komið í búningum og skreytt hross sín. Þá er útbúin þrautabraut sem bæði yngri og eldri geta skemmt sér á. Eftir herlegheitin fá allir krakkar páskaegg fyrir þátttökuna.



Í lok apríl var sameinast í bíla og farið á Æskan og hesturinn í reiðhöllinni í Víðidal.

Linda Rún Pétursdóttir reiðkennari kom í byrjun maí til að vera með keppnisþjálfunar- og hringvallargreinánámskeið. Þetta voru sex skipti og ellefu krakkar sem tóku þátt.

Samhliða þessu þá kom Dreyrafélaginn Valdimar Ólafsson gæðingadómari og var með kynningu á gæðingadómum í yngri flokkum gæðingakeppni fyrir ungu knapana og foreldra þeirra.

Í lok námskeiðs Lindu Rúnar fengum við tvo nýútskrifaða dómara til að dæma á æfingarmóti fyrir þá sem tóku þátt í hringvallarnámskeiðinu.

Í lok maí var aftur farinn foreldralaus reiðtúr að ósk krakkana. Það var riðið upp að Akrafjalli þar sem er gömul steinrétt. Við forsvarsmenn æskulýðsnefndarinnar hittum krakkana þar og grilluðum pulsir fyrir þau.

Þann 1. júní var aftur farið fjölskyldureiðtúr og eftir túrinn hittust allir í félagsheimilinu og grilluðu og höfðu gaman saman.

Í júní, daginn fyrir úrtöku fyrir Landsmót þá tókum við okkur til og hreinsuðum stærstu grjótin úr vegköntunum við félagsheimilið og völinn þar sem bílarnir leggja þar sem það var heflað í hverfinu fyrir mótið.



Grjóthreinsun í Æðarodda

Á landsmóti LH í Reykjavík átti Dreyri tvo fulltrúa í barnaflokk, þrjá í unglingaflokk og einn í ungmennaflokk. Við erum stolt af þeirra þátttöku og þau ánægð með að hafa tekið þátt.

Almennt hefur verið gott starf hjá okkur og fullt af krökkum sem áður tóku lítið þátt eru farin að vera með og farin að hitta aðra krakka og fara með þeim í útreiðartúra. Það hefur orðið mikil fjölgun á börnum og unglingum sem taka þátt í starfinu frá því í fyrra.

Nú í haust skipulögðu eldri krakkarnir (13 til 18 ára) sjálfir hitting þar sem farið var út að borða án vitundar og skipulagningar nefndinnar. Það er góð samstaða innan hópsins og mikill áhugi á því að hittast og gera eitthvað saman. Þetta gladdi okkur í nefndinni mikið, þ.e. að eftir vinnu æskulýðsnefndar við skipuleggja viðburði og námskeið síðustu ár og misseri hafi orðið til hópur af dugnaðar krökkum sem hafa kynnst vel og njóta þess að vera saman, og eiga það öll sameiginlegt að hafa áhuga á hestum.

Þetta köllum við gleðilegan árangur 😊. Síðasti viðburðurinn hjá nefndinni á þessu ári er að húa hópnum saman og fara í keilu og flatbökuveislu í október.

Við hlökkum til næsta árs og vonandi koma fleiri skemmtilegar hugmyndir upp sem hægt verður að framkvæma með krökkunum.



Æskulýðsnefnd Dreyra, 24. september 2018

Fjóla Lind Guðnadóttir, formaður

Ása Hólmarsdóttir

Benedikt Kristjánsson

Þorbjörg Gunnlaugsdóttir

Viktoría Gunnarsdóttir

Nokkrar myndir úr starfinu 2018.

